

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 18/2012

Kæra Húsasmiðjunnar ehf. á ákvörðun Neytendastofu 24. september 2012.

1. Þann 29. apríl 2013 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 18/2012: Kæra Húsasmiðjunnar ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. [39/2012](#) frá 24. september 2012. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 9. október 2012, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 39/2012 frá 24. september 2012, um að kærandi hafi með birtingu auglýsingar með fullyrðingunni „Landsins mesta úrval af pallaefni“ brotið gegn 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., f-lið 1 mgr. 9. gr., 14. gr. og a-lið 2. mgr. 15. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005 bannaði Neytendastofa kæranda birtingu fullyrðingarinnar. Þá var lögð stjórnvaldssekt á kæranda að fjárhæð 500.000 kr. með vísan til a-liðar 1. mgr. 22. gr. laganna. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Til vara krefst hann þess að felld verði úr gildi sú ákvörðun Neytendastofu að leggja stjórnvaldssekt á kæranda vegna málsins.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 20. apríl 2012, kvartaði Byko ehf. yfir fullyrðingum í auglýsingu kæranda sem birst hafði í Fréttablaðinu 3. apríl 2012. Nánar tiltekið vísaði Byko ehf. til fullyrðingar í auglýsingu kæranda um að hann seldi „Landsins mesta úrval af pallaefni“. Af hálfu Byko ehf. var því haldið fram að umrædd fullyrðing fengi ekki staðist og færi því í bága við 4. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Þá fæli hún í sér brot gegn 5., 8., 9. og 14. gr. laganna, enda væri fullyrðingin villandi og blekkjandi gagnvart neytendum og keppinautum kæranda. Var þess krafist að kæranda yrði meinað að birta umrædda auglýsingu.
5. Með bréfi Neytendastofu, dags. 4. maí 2012, var kæranda kynnt framkomið erindi Byko ehf. Tekið var fram að Byko ehf. teldi fullyrðingu kæranda brjóta gegn ofangreindum ákvæðum. Þá var bent á að Neytendastofa hefði í ákvörðunum sínum litið svo á að ef auglýsandi gæti ekki fært sönnur á fullyrðingu sína, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, gæti hún talist villandi. Neytendastofa teldi ákvæði a-liðar 2. mgr. 15. gr. laganna því einnig geta átt við um erindi Byko ehf. Var óskað eftir skýringum eða athugasemdum kæranda við erindið.

6. Svar barst með bréfi lögmanns kæranda, dags. 11. maí 2012. Þar kemur fram að kærandi standi við fullyrðingu sína um að fyrirtækið bjóði mesta úrval íslenskra fyrirtækja á pallaefni. Fullyrðingin vísi til þess að þegar allt pallaefni sé tekið með, allir listar, stærðir og lengdir, sé kærandi með mesta úrvalið á viðkomandi markaði. Fyrirtækið muni yfirfara málið aftur svo enginn vafi geti leikið á fullyrðingunni og færa fram gögn henni til stuðnings áður en hún verði birt aftur. Umrædd auglýsing verði ekki birt á meðan og hafi ekki birst síðan bréf Neytendastofu barst.
7. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 25. maí 2012, var áréttað að sú skylda hvíli á fyrirtækjum að geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum þeirra. Þannig skuli öll gögn sem fullyrðingar byggja á liggja fyrir áður en fyrirtæki birti viðkomandi auglýsingu. Var m.a. vísað til ákvörðunar Neytendastofu 15. október 2010 (50/2010), sem varðaði auglýsingar kæranda með fullyrðingunni „Lægsta lága verðið“. Benti Neytendastofa á að ráða mætti af bréfi kæranda að gögn til staðfestingar fullyrðingunni hafi ekki legið fyrir við birtingu auglýsingarinnar en að kærandi ætli að afla gagnanna áður en til frekari birtingar komi. Með vísan til framangreinds fari stofnunin fram á frekari skýringar kæranda og að kærandi leggi fram þau gögn sem liggja að baki fullyrðingunni.
8. Bréfi Neytendastofu var svarað með bréfi lögmanns kæranda, dags. 6. júní 2012. Þar er tekið fram að ekkert í fyrra bréfi kæranda til Neytendastofu gefi tilefni til að draga þá ályktun að engin gögn hafi legið fyrir við birtingu auglýsingarinnar. Í bréfi kæranda hafi komið skýrt fram að farið yrði yfir málið að nýju. Í því hafi hins vegar ekki falist yfirlýsing um að engin gögn hafi legið til stuðnings fullyrðingunni þegar hún var birt. Í bréfi kæranda er síðan tekið fram að því fylgi þau gögn sem óskað hafi verið eftir. Um sé að ræða lista yfir pallaefni í boði hjá kæranda. Áður en auglýsingin birtist hafi verið borið saman úrval kæranda samkvæmt listanum og það úrval sem auglýst hafi verið í boði hjá samkeppnisaðilunum. Niðurstaðan hafi verið sú að úrvalið væri mest hjá kæranda og því hafi þótt óhætt að auglýsa það. Í bréfinu setti kærandi fram ósk um að umrætt fylgigagn bréfsins yrði ekki sent út til samkeppnisaðila.
9. Með bréfi Neytendastofu, dags. 20. júní 2012, var Byko ehf. gefinn kostur á að koma að athugasemdum við bréf kæranda. Var því jafnframt lýst að Neytendastofa hefði, með vísan til 17. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ákveðið að verða við þeirri málaleitan kæranda að afhenda Byko ehf. ekki þann lista sem bréfinu fylgdi. Svar barst með bréfi lögmanns Byko ehf., dags. 2. júlí 2012. Í bréfinu er tekið fram að heildarúrval Byko ehf. af pallaefni hafi aldrei verið auglýst sérstaklega og að samانبurður kæranda gefi skakka mynd af því úrvali sem í boði sé. Byko ehf. hafi ekki undir höndum lista yfir pallaefni kæranda og eigi því erfitt með að tjá sig um hann. Af bréfi kæranda, dags. 6. júní 2012, verði hins vegar ráðið að engin frekari gögn hafi verið lögð fram af hálfu kæranda og þar með liggja ekki fyrir upplýsingar um það úrval sem í boði sé hjá samkeppnisaðilum fyrirtækisins eða hafi verið auglýst af þeim. Erfitt sé því að sjá að fullnægjandi sönnun um að úrval pallaefnis sé mest hjá kæranda liggja fyrir. Þá bendi Byko ehf. á að pallaefni sé víðtækt hugtak og sé í ýmsum stærðum og gerðum, t.d. hvað varði lengd, breidd og hæð.

10. Með bréfi Neytendastofu, dags. 4. júlí 2012, var kæranda kynnt svarbréf Byko ehf. og gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við það. Svar barst með bréfi lögmanns kæranda, dags. 9. júlí 2012. Þar er tekið fram að í bréfi kæranda, dags. 6. júní 2012, hafi verið upplýst um hvaða upplýsingar lágu til grundvallar þegar auglýsingin um landsins mesta úrval pallaefnis var birt. Bréfinu hafi fylgt upplýsingar um úrval pallaefnis hjá kæranda. Tekið hafi verið svo til orða að það hafi verið borið saman við pallaefni sem auglýst hafi verið hjá samkeppnisaðilum. Ekki væri tilefni til þeirrar ályktunar, sem fram kæmi í bréfi Byko ehf., að með því hafi kærandi átt við að Byko ehf. hafi einhvern tíma auglýst hvaða heildarúrval pallaefnis fyrirtækið hafi á boðstólum. Kærandi hafi átt við að úrval pallaefnis hans hafi verið borið saman við það pallaefni sem sé í boði hjá samkeppnisaðilunum. Sá samanburður hafi ekki einskorðast við auglýsingar sem slíkar og kærandi hafi ekki fullyrt að Byko ehf. hafi einhvern tíma auglýst heildarúrval pallaefnis.
11. Kærandi kanni verð og úrval samkeppnisaðila reglulega. Það sé gert með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með því að skoða heimasíður samkeppnisaðilanna, í öðru lagi með því að skoða auglýsingar þeirra og í þriðja lagi með því að fara á staðinn og kanna verð og úrval. Tæplega sé hægt að segja að úrvalið af pallaefni sé meira en það sem í boði sé samkvæmt þessum þremur mælikvörðum. Þegar þetta úrval samkeppnisaðilanna hafi verið borið saman við úrval kæranda hafi það verið niðurstaða kæranda að mesta úrvalið væri hjá honum. Með bréfi Byko ehf. hafi engin gögn fylgt um það hvaða úrval af pallaefni sé í boði hjá fyrirtækinu. Þó hefði verið eðlilegt að fyrirtækið afhenti umræddar upplýsingar og að Neytendastofa legði síðan sjálfstætt mat á fullyrðingu kæranda. Það hafi ekki verið gert og hafi fullyrðing kæranda ekki verið hrakin að því leyti. Kærandi árétti þó að um eina auglýsingu hafi verið að ræða sem ekki hafi birst aftur og verði ekki birt fyrr en í ljósi niðurstöðu þessa máls.
12. Kærandi vísar næst að athugasemdum Byko ehf. um að pallaefni sé víðtækt hugtak og að ýmsar vörur geti fallið þar undir. Bendir kærandi á að taka megí undir þetta, en þó megí vera ljóst að sumar vörur, s.s. timbur sem almennt sé notað í pallaefni, hljóti að falla þar undir. Óhjákvæmilega felist aukið úrval af pallaefni í því að bjóða mismunandi stærðir, gerðir og lengdir. Að mati kæranda megí meta þetta atriði með málefnalegum hætti og hafi fyrirtækið lagt fram gögn um það hvaða vöruliði sé að ræða.
13. Með bréfi Neytendastofu til lögmanns Byko ehf., dags. 10. ágúst 2012, sem lögmaður kæranda fékk jafnframt afrit af, var Byko ehf. kynnt ofangreint bréf lögmanns kæranda. Þá var tilkynnt að gagnaöflun málsins væri þar með lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

14. Hinn 24. september 2012 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði með birtingu fullyrðingarinnar „Landsins mesta úrval af pallaefni“ brotið gegn 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., f-lið 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og a-lið 2. mgr. 15. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og honum bönnuð birting

fullyrðingarinnar. Þá var lögð á hann stjórnvaldssekt að fjárhæð 500.000 kr., með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laganna.

15. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er fyrst vikið að erindi Byko ehf., svörum kæranda og efni umræddra lagaákvæða. Síðan er tekið fram að þrátt fyrir sérstaka beiðni Neytendastofu hafi kærandi ekki lagt fram gögn í málinu þar sem borið sé saman úrval pallaefnis kæranda og keppinauta hans. Að mati Neytendastofu geti listi yfir vöruúrval kæranda ásamt vísun til vefsíðna, auglýsinga og verslana keppinauta ekki komið til sönnunar á fullyrðingu kæranda. Ákvæði 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 sé mjög skýrt um að fyrirtæki þurfi að geta fært sönnur á allar fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum. Gerð hafi verið krafa um að sönnun liggja fyrir áður en fullyrðing sé birt og fyrirtækið þurfi því að geta lagt fram gögn henni til sönnunar um leið og Neytendastofa fari fram á það. Kæranda hafi, með vísan til fyrri mála hjá Neytendastofu, mátt vera þetta fullljóst. Sönnunarkrafa samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 liggja hjá auglýsanda og því sé það í hans höndum hans að sanna fullyrðingar sínar en ekki Neytendastofu að hrekja þær.
16. Fullyrðingin „Landsins mesta úrval af pallaefni“ lýsi yfirburðum kæranda gagnvart keppinautum sínum og þar sem kærandi hafi ekki fært fullnægjandi sönnur á fullyrðinguna sé hún til þess fallin að veita neytendum rangar eða villandi upplýsingar um stöðu kæranda á markaði, sbr. f-lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 og þar með fela í sér óréttmæta viðskiptahætti, sbr. 8. gr. laganna. Þá sé hún að mati stofnunarinnar einnig ósanngjörn gagnvart keppinautum og til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn, sbr. 14. gr. sömu laga, og fela í sér villandi samanburð, sbr. a-lið 2. mgr. 15. gr. laganna. Þar sem fullyrðingin brjóti gegn ákvæðum II. og III. kafla laga nr. 57/2005 sé einnig um brot gegn 5. gr. laganna að ræða.
17. Hvað varðar stjórnvaldssektina, sem lögð var á kæranda, er í ákvörðun Neytendastofu tekið fram að stofnunin hafi almennt nýtt sektarheimild ef um ítrekað brot sé að ræða eða umfangsmikið brot sem brjóti jafnframt gegn skýrum ákvæðum þeirra laga sem stofnunin hafi eftirlit með. Þannig hafi stofnunin gjarnan látið hjá líða að beita sektarheimildum við fyrsta brot ef um er sé ræða brot gegn matskenndum ákvæðum laganna. Mál þetta varði ósannaða fullyrðingu í efsta stigi lýsingarorðs sem birtist í eitt skipti. Við meðferð þess máls sem leiddi til ákvörðunar Neytendastofu 15. október 2010 (50/2010) hafi kæranda verið gerð grein fyrir þeim lagaákvæðum sem um sönnun slíkra fullyrðinga gilda og þau sjónarmið sem Neytendastofa líti til við meðferð slíkra mála. Því hafi kæranda mátt vera fullljóst, þegar fullyrðingin „Landsins mesta úrval af pallaefni“ var birt, að hann yrði að geta lagt fram gögn henni til stuðnings væri þess óskað. Með vísan til þessa telji Neytendastofa rétt að nýta sektarheimild í a-lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005. Þegar litið sé til sektarfjárhæða í öðrum málum Neytendastofu sem og þess að hin ósannaða fullyrðing birtist einu sinni telji stofnunin, að teknu tilliti til meðalhöfsreglu stjórnsýslu-laga, rétt að leggja á kæranda stjórnvaldssekt að fjárhæð 500.000 kr.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

18. Í kæru, dags. 9. október 2012, er þeirri niðurstöðu Neytendastofu mótmælt að kærandi hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Í málinu sé um að ræða auglýsingu, sem birst hafi í eitt skipti í

Fréttablaðinu. Með bréfi, dags. 25. maí 2012, hafi Neytendastofa óskað eftir því að fá afhent gögn sem lögju til grundvallar fullyrðingu fyrirtækisins. Kærandi hafi í kjölfarið afhent Neytendastofu lista yfir úrval pallaefnis hjá fyrirtækinu. Hann mótmæli því að listi yfir vöruúrval kæranda, ásamt vísun til vefsíðna, auglýsinga og verslana keppinauta, geti ekki komið til sönnunar á fullyrðingu hans um landsins mesta úrval pallaefnis.

19. Í bréfi Neytendastofu frá 25. maí 2012 hafi ekki verið tiltekið hvaða gögn kæranda bæri að leggja fram til þess að unnt væri að skera úr um réttmæti fullyrðingarinnar. Einungis hafi verið óskað eftir gögnum sem legið hafi að baki fullyrðingunni um landsins mesta úrval pallaefnis. Í kjölfarið hafi kærandi sent gögn um úrval pallaefnis í verslun hans. Stofnuninni hafi verið í lófa lagið að óska eftir sambærilegum gögnum frá kvartanda, Byko ehf., eða óska eftir því að kærandi afhenti jafnframt upplýsingar um þau gögn sem hann hefði um úrval samkeppnisaðila. Ljóst sé þó að það hefði ekkert sönnunargildi í málinu að kærandi legði fram einhliða skjal sitt um vöruúrval í Byko ehf. Ef skera hefði átt úr um réttmæti fullyrðingarinnar að lögum hefði eðlilegasta leiðin verið sú að Byko ehf. legði fram yfirlit yfir vöruúrval sitt og Neytendastofa legði síðan sjálfstætt mat á gildi fullyrðingarinnar. Að mati kæranda hefði það leitt til þess að réttmæti fullyrðingarinnar hefði verið staðfest. Í staðinn hafi ekkert legið fyrir um það í málinu, sem leiði til þess að hin kærða ákvörðun sé haldin verulegum ágalla.
20. Neytendastofa, sem hafi þá skyldu samkvæmt 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að sjá til þess að mál séu nægilega upplýst áður en ákvörðun sé tekin, hafi ekki kallað eftir gögnum frá Byko ehf. til þess að bera saman úrval fyrirtækjanna á pallaefni. Vegna þessa sé því mótmælt að málið hafi verið nægilega upplýst til þess að hægt væri að taka í því stjórnvaldsákvörðun. Ákvörðunin hafi þegar af þeirri ástæðu brotið gegn 10. gr. stjórnarsýslulaga og beri að fella hana úr gildi.
21. Kærandi telji jafnframt að brotið hafi verið gegn 13. gr. stjórnarsýslulaga um andmælarétt. Kæranda hafi ekki getað verið þau sjónarmið, sem réðu úrslitum í málinu, nægilega ljós og að til stæði að þau yrðu grundvöllur beitingar stjórnvaldssekta, þannig að honum væri fært að tjá sig um þessi atriði með fullnægjandi hætti áður en ákvörðunin var tekin. Ef Neytendastofa hefði farið fram á það við kæranda að hann legði fram gögn um vöruúrval samkeppnisaðila, sem í raun yrðu aldrei álitin afgerandi sönnunargögn í málinu, hefði hann vissulega gert það.
22. Hvað varðar stjórnvaldssektina, sem lögð var á kæranda, segir í kæru að í ákvörðun Neytendastofu komi skýrt fram að stofnunin hafi almennt nýtt sektarheimild laga nr. 57/2005 ef um ítrekað eða umfangsmikið brot sé að ræða. Þannig hafi stofnunin jafnan látið hjá líða að beita sektarheimildum við fyrsta brot ef um sé að ræða brot gegn matskenndum ákvæðum laganna. Af framangreindu verði þó ekki annað ráðið en að stofnunin hafi einnig látið hjá líða að beita sektarheimildum laganna ef ekki sé um að ræða brot gegn ákvæðum laganna, sem jafnframt teljist ekki ítrekun. Því sé mótmælt að niðurstaðan í ákvörðun Neytendastofu 15. október 2010 (50/2010) geti haft ítrekunaráhrif í þessu máli þannig að réttlætanlegt sé að beita sektarheimild laga nr. 57/2005. Stjórnvaldsákvörðun í einu sjálfstæðu máli geti ekki falið í sér ítrekun á broti í allt öðru stjórnarsýslumáli, þrátt fyrir að sömu lög séu til skoðunar. Eins og réttilega komi fram hjá Neytendastofu í ákvörðuninni séu ákvæði laganna matskennd. Það sé því háð mati í hverju

einstöku tilviki hvort fullyrðing, auglýsing eða annað þess háttar, brjóti gegn ákvæðum laganna. Niðurstaða í einni matskenndri stjórnvaldsákvörðun geti því ekki haft ítrekunaráhrif við niðurstöðu í annarri matskenndri stjórnvaldsákvörðun.

23. Athyglisvert sé í þessu sambandi að benda á að í ákvörðun Neytendastofu 10. febrúar 2010 (3/2010) hafi stofnunin ákveðið að sekta Byko ehf. um 10 milljónir króna fyrir alvarlegt brot á lögum nr. 57/2005. Í ákvörðuninni hafi verið talið að Byko ehf. hafi af ásetningi blekkst neytendur með villandi upplýsingum um verð á vörum fyrirtækisins. Sektarfjárhæðin hafi verið lækkuð í 3,5 milljónir króna af áfrýjunarnefnd neytendamála. Sé það rétt, sem Neytendastofa byggir á, að ákvörðun í máli sem varði við ákvæði laga nr. 57/2005 geti haft ítrekunaráhrif í öðru stjórnsýslumáli síðar um brot gegn sömu lögum, þegar um sama aðila sé að ræða, hefði mátt ætla að stofnunin hefði gert Byko ehf. háa stjórnvaldssekt í ákvörðun Neytendastofu 3. júlí 2012 (32/2012). Þar hafi stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að fullyrðingar Byko ehf. um „lægsta verðið“ hefðu brotið gegn lögum nr. 57/2005. Félaginu hafi hins vegar ekki verið gerð sekt, þrátt fyrir að fullyrðingin um „lægsta verðið“ hafi verið birt linnulaust í sex mánuði í öllum fjölmiðlum. Auglýsing kæranda um mesta úrval pallaefnis hafi birst einu sinni í Fréttablaðinu og hvergi annars staðar.
24. Kærandi telji framangreinda málsmeðferð í því máli sem lauk með ákvörðun Neytendastofu 3. júlí 2012 (32/2012) sé sönnun þess að það sé rangt að gera megri aðila sekt í einu stjórnsýslumáli með vísan til þess að hann hafi brotið gegn matskenndum ákvæðum sömu laga í öðru máli. Niðurstaða Neytendastofu í þessu máli feli í sér brot gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ljóst sé að stofnunin hafi, með því að sekta kæranda fyrir ítrekun vegna annars stjórnsýslumáls, brotið gegn ákvæðinu þar sem samkeppnisaðila kæranda hafi ekki verið gerð sekt þrátt fyrir að sama staða hafi þar komið upp áður. Munurinn á þessum málum sé aðeins sá að brot Byko ehf. hafi í báðum málunum verið stórfelld. Þegar af þeirri ástæðu, að ákvörðun Neytendastofu um beitingu sektarákvæðis brjóti gegn 11. gr. stjórnsýslulaga, beri að fella hana úr gildi. Kærandi árétti að auglýsing hans hafi einungis birst í eitt skipti á einum stað. Brugðist hafi verið við framkominni athugasemd Neytendastofu og auglýsingin ekki birst aftur. Með tilliti til ákvæða 12. gr. stjórnsýslulaga verði að telja að ákvörðun Neytendastofu feli í sér brot gegn meðalhófsreglu laganna. Í þessu tilviki hafi enga nauðsyn borið til álagningar sektar. Slík nauðsyn sé órökstudd í hinn kærðu ákvörðun og því hafi Neytendastofa farið strangar í sakirnar en nauðsyn bar til. Af þeirri ástæðu beri að fella sektarákvörðunina úr gildi.
25. Með bréfi, dags. 18. október 2012, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 1. nóvember 2012, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerðinni er fyrst vikið að sjónarmiðum kæranda í þá veru að Neytendastofu hafi ekki tiltekið hvaða gögn kærandi þyrfti að leggja fram til þess að hægt væri að leggja mat á réttmæti fullyrðingar hans og að stofnuninni hafi verið í lófa lagið að afla upplýsinga um pallaefni frá Byko ehf. Vegna umræddra sjónarmiða kæranda bendi Neytendastofa á að skýr skylda hvíli á auglýsanda að sanna allar fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum. Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með

viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 sé það því ekki Neytendastofu eða keppinauta auglýsanda að færa sönnur á að fullyrðingar hans séu ósannar.

26. Erindi Byko ehf. hafi verið sent kæranda til umsagnar og óskað hafi verið eftir skýringum eða athugasemdum hans. Í svari kæranda hafi komið fram að hann stæði við fullyrðingu sína. Þá hafi kærandi lýst því að hann ætlaði að yfirfara málið aftur svo enginn vafi gæti leikið á fullyrðingunni og færa fram gögn henni til stuðnings áður en hún yrði birt aftur. Í kjölfar þessa hafi Neytendastofa óskað frekari skýringa kæranda, enda hafi stofnunin talið mega ráða af bréfi kæranda að gögn til staðfestingar fullyrðingunni hefðu ekki legið fyrir við birtingu auglýsingarinnar. Neytendastofa hafi því farið fram á að kærandi legði fram þau gögn sem legði hafi að baki fullyrðingunni við birtingu hennar. Í skýringum kæranda hafi því verið hafnað að fullyrðingin hafi ekki verið studd gögnum þegar hún var birt. Þá hafi kærandi lagt fram lista yfir allt pallaefni kæranda auk þess sem hann hafi greint frá því að borið hefði verið saman úrval kæranda samkvæmt listanum og úrval keppinauta hans. Á síðari stigum málsins hafi komið fram að kærandi hefði kannað úrval keppinauta með skoðun á vefsíðu og auglýsingum þeirra ásamt skoðun í verslunum keppinauta. Við meðferð málsins hafi kæranda því ítrekað verið gefinn kostur á að koma að skýringum og athugasemdum ásamt því að færa sönnur á fullyrðingu sína. Eins og fram komi í hinni kærðu ákvörðun, og kæranda hafi mátt vera fullljóst, geri Neytendastofa kröfu um að öll gögn sem liggi að baki fullyrðingum séu til áður en þær birtist. Eftir að stofnuninni barst svar kæranda við kvörtun Byko ehf. hafi stofnunin farið fram á frekari skýringar og afrit af þeim gögnum sem að baki fullyrðingunni lágu.
27. Næst viku Neytendastofa að athugasemdum kæranda þess efnis að lesa megi úr ákvörðun stofnunarinnar að vegna fyrra brots, sem varðað hafi aðra fullyrðingu, telji stofnunin að um ítrekað brot sé að ræða. Neytendastofa bendi á að fullyrðing kæranda hafi verið nokkuð einföld. Fullyrt hafi verið að úrval pallaefnis væri mest hjá honum. Við úrlausn á því hvort kærandi hafi getað sannað fullyrðinguna hafi því ekki komið til túlkunar Neytendastofu á matskenndum ákvæðum laga nr. 57/2005. Í kjölfar þess máls, sem leitt hafi til ákvörðunar Neytendastofu 15. október 2010 (50/2010), hafi kæranda mátt vera ljóst að gerð væri krafa um að auglýsandi legði fram gögn fullyrðingum sínum til staðfestingar og að það sé auglýsanda að sanna fullyrðingu en ekki Neytendastofu eða keppinauta að afsanna hana. Þannig telji Neytendastofa að kærandi hafi mátt gera sér grein fyrir að fullyrðingu um úrval pallaefnis yrði hann að geta sannað með gögnum sem sýndu úrval pallaefnis sem kærandi byði, annars vegar, og úrval pallaefnis sem keppinautar hans byðu, hins vegar.
28. Eins og ljóst sé af hinni kærðu ákvörðun hafi ekki verið lögð stjórnvaldssekt á kæranda fyrir ítrekað brot vegna ákvörðunar Neytendastofu 15. október 2010 (50/2010). Stjórnvaldssektin hafi verið lögð á kæranda fyrir að sanna ekki fullyrðingu sem fram kom í auglýsingu hans. Ákvörðun um brot kæranda hafi ekki falið í sér túlkun á matskenndum ákvæðum laganna heldur hafi kærandi brotið gegn skýrri kröfu laganna um að fullyrðingar þurfi að sanna. Þar að auki hafi kæranda mátt vera ljóst í kjölfar ákvörðunar Neytendastofu 15. október 2010 (50/2010) hvaða kröfur væru gerðar til sönnunar fullyrðinga í auglýsingum. Því hafi Neytendastofa talið fulla

ástæðu til að nýta heimild til álagningar stjórnvaldssektar vegna brotsins. Fjárhæð sektarinnar hafi verið stillt í hóf. Hún hafi tekið mið af umfangi brotsins og sektarfjárhæð í öðrum málum.

29. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 7. nóvember 2012, var kæranda send greinargerð Neytendastofu og óskað eftir afstöðu hans til hennar. Svar barst með bréfi lögmanns kæranda, dags. 13. nóvember 2012. Þar er tekið fram að ekki hafi verið rétt að nálgast málið með þeim hætti að gera kæranda að leggja fram upplýsingar um vöruúrval samkeppnisaðila. Kærandi hefði auðveldlega getað lagt fram lista yfir úrval samkeppnisaðila sem væri mun minna en hans. Gera verði ráð fyrir því að kvartandinn í málinu, Byko ehf., hefði brugðist við með því að leggja fram gögn um eigið vöruúrval. Í samræmi við skyldu Neytendastofu samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hefði verið réttast að kalla eftir gögnum frá keppinautum kæranda til samanburðar.
30. Krafan til kæranda um að færa sönnur á fullyrðingu sína hafi í þessu tilviki verið sú að hann legði fram upplýsingar um það úrval pallaefnis sem í boði væri hjá fyrirtækinu. Það hafi kærandi gert. Kærandi telji að í kjölfarið hefði verið rétt að sá sem kvartaði yfir auglýsingunni, Byko ehf., legði fram upplýsingar um úrval pallaefnis hjá sér. Neytendastofu hafi verið í lófa lagið að leggja mat á réttmæti fullyrðingar kæranda að teknu tilliti til athugasemda Byko ehf. Það sé rangt að með þessum hætti hefði sönnunarbyrðin fyrir fullyrðingunni verið lögð á Byko ehf. eða Neytendastofu, enda hefði þeim ekki verið gert að sanna neitt í málinu. Sönnunarbyrði sé ekki lögð á dómara máls þótt hann hafi það hlutverk að leysa úr ágreiningi milli aðila. Kæranda hafi verið gert að sanna fullyrðingu sína og það hafi fyrirtækið best gert með því að leggja fram það úrval pallaefnis sem í boði hafi verið hjá fyrirtækinu og hafi verið grundvöllur fullyrðingar þess, ásamt þeim skýringum að þetta væri meira úrval en keppinautar þess væru að bjóða.
31. Fráleitt hefði verið að kærandi legði jafnframt fram úrval pallaefnis hjá keppinautum sínum, enda hafi m.a. komið fram í athugasemdum Byko ehf. að úrval pallaefnis hjá fyrirtækinu væri meira heldur en það sem auglýst væri. Um það úrval Byko ehf. geti hvorki kærandi né neytendur vitað. Af þeirri ástæðu að neytendur geti ekki lagt mat á úrval hjá þeim aðila, sem ekki birti opinberlega upplýsingar um úrval sitt, verði að hafna því að líta megi til þess úrvals þegar mat sé lagt á hver bjóði mesta úrvalið. Kærandi hafi verið reiðubúinn að fallast á að ef úrval Byko ehf. væri meira en það sem opinberlega væri kynnt yrði fallið frá fullyrðingunni. Um þetta verði þó ekki hægt að fjalla meira þar sem Neytendastofa hafi tekið ákvörðun í málinu án þess að rannsaka það.
32. Í greinargerð Neytendastofu sé reynt að breiða yfir þá staðreynd að stofnunin hafi lagt stjórnvaldssekt á kæranda með þeim rökum að um ítrekað brot fyrirtækisins hafi verið að ræða. Kærandi telji engan vafa leika á því að forsenda stofnunarinnar fyrir beitingu sektarheimildar hafi verið sú að hún liti svo á að um brot hafi verið að ræða gegn fyrri ákvörðun stofnunarinnar. Fyrir liggja að stofnunin hafi margoft komist að þeirri niðurstöðu að sami aðili hafi í tveimur aðskildum málum brotið gegn lögnum án þess að það hafi leitt til stjórnvaldssektar í seinna málinu. Telja verði óheimilt að líta svo á að hægt sé að brjóta gegn fyrri ákvörðun Neytendastofu í nýju og óskyldu máli og að slíkt leiði til sektarálagningar. Jafnframt sé ólöglegt sjónarmið að líta til þess við ákvörðun um beitingu stjórnvaldssektar hvort sami aðili hafi einhvern tíma áður brotið af sér í öðru óskyldu máli. Þá árétti kærandi að í forsendum stofnunarinnar komi fram að sú stjórnsýslu-

venja gildi hjá stofnuninni að látið sé hjá líða að beita sektarheimildum við fyrsta brot gegn matskenndum ákvæðum laganna. Nær öll ákvæði laga nr. 57/2005 séu matskennd.

33. Loks vikur kærandi að fjárhæð sektarinnar og vísar m.a. til ákvörðunar Neytendastofu 3. júlí 2012 (32/2012). Í því máli hafi Byko ehf. auglýst nánast linnulaust í öllum fjölmiðlum í sex mánuði að „lægsta verðið“ væri í Byko. Neytendastofa hafi talið þetta vera brot á margvíslegum ákvæðum laga nr. 57/2005 og bannað fyrirtækinu að auglýsa með þessum hætti. Árið 2010 hafi Neytendastofa sektað Byko ehf. um 10 milljónir króna fyrir mjög alvarlegt brot fyrirtækisins gegn lögum nr. 57/2005. Að mati kæranda sé framangreind fullyrðing Byko ehf. um „lægsta verðið“ ekki matskenndari en fullyrðing hans um „landsins mesta úrval pallaefnis“. Auglýsing kæranda hafi birst einu sinni í dagblaði á meðan Byko ehf. hafi keyrt auglýsingaherferð sína í hálf tveimur árum í öllum fjölmiðlum. Þrátt fyrir það og fyrri ákvörðun stofnunarinnar í máli Byko ehf. hafi Neytendastofa kosið að leggja ekki sekt á fyrirtækið í síðara málinu. Í greinargerð sinni segi Neytendastofa nú að stjórnvaldssekt á kæranda hafi tekið mið af umfangi málsins og verið stillt í hóf. Megi af því ráða að þessi eina dagblaðaauglýsing kæranda hafi þótt vera mun alvarlegra og umfangsmeira brot en framangreind brot Byko ehf. um „lægsta verðið“. Kærandi telji heilbrigða skynsemi leiða til þveröfugrar niðurstöðu. Hefði stofnunin viljað gæta jafnræðis í lagalegu tilliti og sanngirni hefði hún augljóslega ekki átt að sekta kæranda í hinni kærðu ákvörðun, m.a. í ljósi umfangs málsins og ákvarðana í fyrri málum.
34. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 15. nóvember 2012, var Byko ehf. send kæran og önnur gögn málsins og óskað eftir afstöðu félagsins til kærunnar. Svar barst með bréfi lögmanns Byko hf., dags. 28. nóvember 2012. Þar er tekið fram að fyrirtækið telji ekki ástæðu til að endurtaka þau sjónarmið og röksemdir sem fram hafi komið undir rekstri málsins hjá Neytendastofu, en þau séu ítrekuð. Þá taki félagið undir þau sjónarmið og röksemdir Neytendastofu sem fram hafi komið undir rekstri málsins fyrir áfrýjunarnefnd neytendamála. Félagið geri þá kröfu að niðurstaða Neytendastofu verði staðfest.
35. Með bréfi til lögmanns kæranda, dags. 6. desember 2012, tilkynnti áfrýjunarnefnd neytendamála, með vísan til 3. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, að fyrirsjáanlegt væri að afgreiðsla málsins myndi hefjast, vegna mikilla anna nefndarinnar, en stefnt væri að því að kveða upp úrskurð í janúar eða febrúar. Með bréfi til kæranda, dags. 25. febrúar 2013, tilkynnti áfrýjunarnefndin að afgreiðsla málsins myndi hefjast frekar, vegna mikilla anna nefndarinnar, en stefnt væri að því að kveða upp úrskurð í mars eða apríl.

NIÐURSTAÐA

36. Í máli þessu er deilt um ákvörðun Neytendastofu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., f-lið 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og a-lið 2. mgr. 15. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, með birtingu fullyrðingarinnar „Landsins mesta úrval af pallaefni“ í auglýsingu. Var kæranda bönnuð birting fullyrðingarinnar og stjórnvaldssekt lögð á hann að fjárhæð 500.000 kr., með vísan til a-liðar 1.

mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005. Kærandi leitar hér endurskoðunar á framangreindri ákvörðun og krefst þess að hún verði felld úr gildi, en til vara að hin álagða stjórnvaldssekt verði felld úr gildi.

37. Í áðurnefndri auglýsingu var sem fyrr segir fullyrt að kærandi hefði „Landsins mesta úrval af pallaefni“. Í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 segir orðrétt: „Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á“. Enda þótt ákvæðið hafi fyrst verið lögfest með lögum nr. 50/2008 fól það ekki í sér efnisleg nýmæli þar sem bannið við villandi upplýsingum, sem rekja má allt til 1. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, hafði lengi verið túlkað á þann hátt að fyrirtæki þyrftu að geta fært sönnur á fullyrðingar sínar í auglýsingum. Þannig var í skýringum við ákvæðið í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 50/2008 tekið fram að með ákvæðinu væri lögfest áralöng framkvæmd. Líkt og áfrýjunarnefnd neytendamála hefur áður vikið að, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 10. febrúar 2011 (19/2010), rúmast ákvæðið í 4. mgr. 6. gr. og sú beiting þess að krefja auglýsendur um sönnun á staðhæfingum sínum um staðreyndir innan marka tilskipunar 2005/29/EB og þeirra takmörkunarheimilda sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
38. Til stuðnings fullyrðingu sinni um „Landsins mesta úrval af pallaefni“ hefur kærandi lagt fram lista yfir pallaefni sem fáanleg eru í verslun hans. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála getur umræddur listi ekki talist fullnægjandi sönnun fullyrðingarinnar. Á listanum koma eingöngu fram upplýsingar um vöruúrval kæranda, en af honum verður hins vegar á engan hátt ráðið hvert vöruúrval keppinauta kæranda sé. Þaðan af síður gefur listinn nokkrar vísbendingar um að vöruúrval kæranda sé meira en hjá keppinautum hans. Í málinu liggja að öðru leyti ekki fyrir neinar upplýsingar um vöruúrval keppinauta kæranda eða önnur gögn sem varpað geta ljósi á mismunandi úrval fyrirtækja á markaðnum. Kæranda gáfust ítrekuð tækifæri til þess að leggja fram frekari upplýsingar við meðferð málsins hjá Neytendastofu. Þrátt fyrir það lagði hann eingöngu fram lista um úrval pallaefnis í sinni verslun.
39. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður ekki talið að kærandi hafi fært sönnur á að hann bjóði landsins mesta úrval af pallaefni. Er í þessu sambandi bent á að ekki er fullnægjandi að vísa til þess, líkt og kærandi hefur gert, að kærandi hafi framkvæmt sjálfstæða rannsókn á vöruúrvali keppinauta í verslunum og á vefsíðum þeirra. Einhliða yfirlýsingar kæranda um slíkan samanburð, sem engin gögn liggja fyrir um, geta enda ekki talist fullnægjandi sönnun þess að vöruúrval hans á tilteknu sviði sé meira en keppinauta hans.
40. Af hálfu kæranda er því haldið fram að Neytendastofa hafi ekki tiltekið hvaða gögn fyrirtækinu bæri að leggja fram til þess að unnt væri að skera úr um réttmæti fullyrðingarinnar. Stofnuninni hafi sjálfri borið að óska eftir gögnum frá Byko ehf. eða krefjast þess af kæranda að hann legði fram upplýsingar um þau gögn sem hann hefði um úrval samkeppnisaðila. Vísar kærandi að þessu leyti til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og andmælareglu 13. gr. sömu laga.
41. Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur áður fjallað um samband 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 og 10. gr. stjórnarsýslulaga. Eru þeir úrskurðir afdráttarlausir um að rannsóknarskylda stjórnvaldsins

dragði almennt ekki úr þeim skýru kröfum sem 4. mgr. 6. gr. gerir til fyrirtækjanna sjálfra að sanna fullyrðingar sínar. Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 5. mars 2010 (16/2009) sagði t.a.m.: „Það væri í ósamræmi við skýr fyrirmæli 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 og gæti auk þess torvelað að markmið laga nr. 57/2005 og hins opinbera eftirlits með þeim næðu fram að ganga ef Neytendastofu væri gert að framkvæma sjálfstæða rannsókn á því hvort fullyrðingar auglýsenda í efsta stigi, sem ekki eru studdar beinum sönnunum á þeim staðreyndum sem fullyrt er um, standist. Grunnskyldan er enda augljóslega auglýsandans samkvæmt ótvíræðu orðalagi 4. mgr. 6. gr. Það er hans að sanna þær fullyrðingar sem hann setur fram, þar á meðal fullyrðingar sem erfitt er að sanna, enda á hann ekki að setja fram fullyrðingar sem hann er ekki í aðstöðu til að sanna.“ Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 10. febrúar 2011 (19/2010) sagði einnig m.a.: „[S]amkvæmt skýru orðalagi 4. mgr. 6. gr. leggur ákvæðið skyldur á þann sem auglýsir, en felur ekki í sér skyldu Neytendastofu til að afsanna fullyrðingar í auglýsingum“. Þá var tekið fram í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 13. desember 2012 (8/2012), að það væri ekki samkeppnisaðila eða Neytendastofu að afsanna þær fullyrðingar sem fyrirtæki setji fram, svo að um brot gegn 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 sé að ræða, heldur krefjist grunnskyldan samkvæmt ákvæðinu þess að fyrirtæki sem auglýsi geti sannað þær fullyrðingar sem það setji þar fram.

42. Sem fyrr segir kaus kærandi að setja fram fullyrðingu í efsta stigi. Sönnun slíkra fullyrðinga er iðulega erfið, eða jafnvel ómöguleg, en sú staðreynd leiðir ekki til afsláttar af sönnunarkröfum samkvæmt framansögðu. Kærandi hefur ekkert fært fram til stuðnings fullyrðingunni, nema lista yfir eigið vöruúrval og tilvísun til eigin athugunar sem ekkert liggur fyrir um, en sem fyrr segir færir hvorugt sönnur á fullyrðinguna. Eins og þessum atvikum er háttað stóð rannsóknarskylda Neytendastofu samkvæmt 10. gr. stjórnslulaga ekki til frekari rannsóknar en framkvæmd var. Kærandi var upplýstur um gildandi lagaákvæði og gefinn ítrekaður kostur á að koma að skýringum og athugasemdum sínum. Þá óskaði stofnunin sérstaklega eftir gögnum sem stutt gætu fullyrðingu kæranda og gaf honum þannig tækifæri til þess að færa sönnur á hana. Að fengnum slíkum gögnum var hin kærða ákvörðun tekin. Ekki verður annað talið en að málsmeðferðin hafi fullnægt 10. gr. stjórnslulaga. Um leið fullnægði málsmeðferðin að þessu leyti 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um andmælarétt.
43. Líkt og að framan greinir verður ekki talið að kærandi hafi fært sönnur á að hann bjóði landsins mesta úrval af pallaefni. Því verður að fallast á þá niðurstöðu Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Um leið var um að ræða villandi upplýsingar sem brutu gegn 1. mgr. 8. gr., f-lið 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og a-lið 2. mgr. 15. gr., sbr. og 5. gr. laga nr. 57/2005. Samkvæmt þessu eru ekki efni til að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi. Þá kemur varakrafa kæranda, um að hin álagða stjórnvaldssekt verði felld úr gildi, til athugunar. Kærandi byggir kröfuna á því að Neytendastofa hafi með óheimilum hætti látið ákvörðun Neytendastofu 15. október 2010 (50/2010) hafa ítrekunaráhrif í málinu, auk þess sem brotið hafi verið gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sem og meðalhófsreglu 12. gr. sömu laga.
44. Líkt og áfrýjunarnefndin hefur áður rakið, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 19. apríl 2010 (1/2010) og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 31. janúar 2011 (13/2010), verður við ákvörðun stjórnvaldssektar m.a. að líta til eðlis og alvarleika brots, hvað það hefur staðið

lengi, hvort um ítrekað brot sé að ræða, sem og til samstarfsvilja hins brotlega. Þá verður við ákvörðunina vitanlega m.a. að gæta að grundvallarreglum um jafnræði og meðalhóf. Gilda að þessu leyti sambærileg sjónarmið við ákvörðun um það hvort stjórnvaldssekt skuli yfirleitt beitt sem og við ákvörðun um fjárhæð slíkrar sektar.

45. Við ákvörðun þeirrar stjórnvaldssektar sem um er deilt leit Neytendastofu til ákvörðunar Neytendastofu 15. október 2010 (50/2010), sem staðfest var í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 10. febrúar 2011 (17/2010). Þar var kærandi talinn hafa brotið gegn 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 og tengdum ákvæðum laganna með birtingu fullyrðingarinnar „Lægsta lága verðið“. Af málinu mátti kæranda vera fullljósar þær kröfur sem gerðar eru til sönnunar fullyrðinga í auglýsingum, sem áréttaðar eru að framan. Þegar kærandi birti engu að síður nýja og ósannaða fullyrðingu, sem braut einnig gegn 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 og tengdum ákvæðum laganna, var fyllilega til samræmis við framangreind sjónarmið og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga að leggja stjórnvaldssekt á kæranda. Getur engu breytt í því sambandi þótt auglýsingin hafi aðeins birst einu sinni enda verður m.a. að telja brotið alvarlegt í ljósi framangreindrar forsögu. Þá verður að telja fjárhæð sektarinnar í hóf stillt þegar litið er til þeirra marka sem sett eru fram í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 og fyrirliggjandi sektarákvarðana í öðrum málum.
46. Hvað varðar sjónarmið kæranda um að ákvörðun Neytendastofu hafi falið í sér brot gegn 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar sem stofnunin hafi ekki gert Byko ehf. sekt í ákvörðun Neytendastofu 3. júlí 2012 (32/2012) þrátt fyrir að fyrir hafi legið eldri ákvörðun um brot fyrirtækisins gegn lögum nr. 57/2005, er rétt að taka fram að hið eldra mál er laut að Byko ehf. varðaði ekki sambærilega háttsemi og síðara málið sem kærandi nefnir. Að því leyti er aðstaðan í því máli sem hér er til úrlausnar verulega önnur, þar sem kærandi birti ósannaða fullyrðingu í efsta stigi í andstöðu við 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 og tengd ákvæði laganna, þrátt fyrir að máli gegn honum um sambærilega háttsemi, þar sem kröfur laganna að þessu leyti voru rækilega áréttaðar, væri nýlega lokið. Ekki verður talið að fyrir liggja ákvarðanir Neytendastofu þar sem sambærilegt mál hefur verið leyst með ólíkum hætti þannig að um brot gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sé að ræða.
47. Samkvæmt öllu framansögðu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Úrskurður nr. 6/2013

Eyvindur G. Gunnarsson